

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. maí 2019
2019040028/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), 767. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá allsherjar- og menntamálaneftnd Alþingis, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufraeðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), 767. mál. Markmið laganna er að heimila þátttöku Íslands í samtökum um evrópska rannsóknainnviði.

Eins og kemur fram í greinargerð er mikilvægt fyrir ýmsar rannsóknir að hafa aðgang að hágæða rannsóknarinnviðum (t.d. tækjabúnaði, gagnagrunnum og rafrænum innviðum) en oft er um að ræða mjög dýra og/eða umfangsmikla rannsóknarinnviði sem útilokað er að einstök ríki hafi bolmagn til að koma sér upp. Það er mikill hagur fyrir íslenskt vísindasamfélag að geta tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknarinnviði. Verði framangreint frumvarp samþykkt þá mun það bæði auka möguleika íslensks vísindasamfélags um aðgang að rannsóknainnviðum en einnig aðgang að fjármagni úr evrópskum samkeppnissjóðum. Náttúrufraeðistofnun mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

